

## Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Svandísi Svavarsdóttur um söluandvirði ríkiseigna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hversu háar fjárhæðir hefur ríkið fengið greiddar vegna sölu eftirtalinna ríkiseigna:*

- a. Landsbankans,
- b. Búnaðarbankans,
- c. Símans,
- d. Sementsverksmiðjunnar,
- e. Áburðarverksmiðjunnar,
- f. Síldarverksmiðja ríkisins?

*Söluandvirðið óskast tilgreint á núvirði.*

### Heildarsöluverð (millj. kr.)

<u>Fyrirtæki</u>	<u>Tímabil</u>	<u>Millj. kr.</u>	<u>Millj. kr. miðað við núverandi verðlag</u>
Landsbanki Íslands	1999–2003	20.993	40.916
Búnaðarbanki Íslands	1999–2003	16.625	31.806
Landssími Íslands	2001 og 2005	67.787	118.065
Sementsverksmiðjan (sjá skýringu)	2011	11,6	13,5
Áburðarverksmiðjan	1999	1.250	2.787
Síldarverksmiðja ríkisins (SR-mjöl hf.)	1993	725	1.826
<b>Samtals</b>		<b>107.392</b>	<b>195.414</b>

Þess skal sérstaklega getið, eins og fjallað hefur verið um í skýrslum Ríkisendurskoðunar til Alþingis, að 68 millj. kr. söluandvirði Sementsverksmiðjunnar hf. barst ekki til ríkisins við sölu félagsins á árinu 2003. Ástæða þess var m.a. sú að greiðslan var háð fyrirvara um samþykki bæði Samkeppniseftirlitsins og Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). ESA hóf árið 2004 formlega rannsókn á því hvort yfirtaka ríkissjóðs á eignum verksmiðjunnar, sem ekki tengdust rekstrinum og lífeyrisskuldbindingum, fæli í sé ólögmetan ríkisstyrk. Í maí 2008, eða tæpum fimm árum síðar, lá úrskurður ESA fyrir og gerði stofnunin ekki athugasemd við söluuna. Þá var fjárhagsleg staða Sementsverksmiðjunnar hf. orðin afleit og hún var eina eign Íslensks Sements hf., viðsemjanda ríkisins. Í kjölfar nauðasamninga Íslensks Sements hf. í júní 2011 var það niðurstaða að félagið greiddi 9,78% af kröfum og barst ríkinu 11,6 millj. kr. greiðsla á grundvelli nauðasamninganna.

